

Nd.

155. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. að III. kafli laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1948 með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar- og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærrí tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða styrki til læknavitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 1942, samtals allt að 100 þús. krónum auk vísitöluuppbótar, enda skiptist upphæðin milli sjóðanna að fengnum tillögum landlæknis;
4. að iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skuli á árinu 1948 lækka um 25% á II. verðlagssvæði og að þessi lækking megi einnig ná til ársins 1947, enda eigi aðilar ekki rétt til endurgreiðslu greiddra iðgjalda fyrr en í sambandi við iðgjaldagreiðslur á árinu 1948;
5. að iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkv. 114. gr. skuli á árinu 1948 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 315 vísitölustig,

- og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv. 114. gr. skuli á árinu lækka niður á 3.6 millj. króna;
6. að skrár þær, er sveitarstjórnnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1948 vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskirteina megi á árinu 1948 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skirteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
 7. að bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1948;
 8. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1948 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1949;
 9. að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1948 vera 5 kr. á mánuði;
 10. að iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs, og að iðgjöld samkvæmt sömu grein vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum;
 11. að rannsókn sú, er um ræðir í 7. tölulið bráðabirgðaákvæða, skuli hafin eigi síðar en í byrjun ársins 1948 og að heildarendurskoðun laganna skuli hafin á síðari hluta ársins 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 1946, um viðauka við lög um almannatryggingar.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkv. ósk hæstv. félagsmálaráðh. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartill. eða að fylgja breytingartill., er fram kunna að koma við frv.

Enn fremur leyfir nefndin sér að birta bréf Tryggingastofnunar ríkisins til félagsmálaráðh. sem greinargerð með frv., og er það svo hljóðandi:

29. nóvember 1947.

Eins og yður, hæstv. herra félagsmálaráðherra, er kunnugt um, hefur heilbrigðisstjórnin eigi talið fært að ráða eða skipa aukalækna samkv. 82. og 83. gr. almannatryggingalaganna að svo stöddu, þannig að þeim yrðu greidd laun úr ríkissjóði, og eigi heldur sett gjaldskrá þá vegna fjórðungsgjalds sjúklinga til lækna, sem um ræðir í 85. gr. laganna, sbr. bréf vort til ráðuneytisins, dags. 6. ágúst s. l.

Samkvæmt munnlegri ósk heilbrigðismálaráðherra höfum vér þó leitað samninga við stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur samkvæmt 2. málsgr. 85. greinar.

Viðræðum við stjórn Læknafélags Íslands er svo skammt á veg komið, þar sem stjórnin telur sér nauðsynlegt að hafa samráð við lækna úti um land, að enn er alveg óséð um árangur. Við stjórn Læknafélags Reykjavíkur höfum vér rætt á þeim grundvelli, að samningi félagsins við Sjúkrasamlag Reykjavíkur yrði breytt til samræmis við ákvæði greinarinnar um fjórðungsgjald, þannig að heildartekjur fastra heimilislækna, þ. e. fastagjald, aukagreiðslur og fjórðungsgjald frá sjúklingum samkvæmt gjaldskrá, yrðu á næsta ári sem næst því hinar sömu og þær voru árið 1946, að viðbættri hækkun vegna fólksfjölgunar og vísitöluhækkunar. Samningar hafa enn eigi tekizt, enda hefur gjaldskrá, eins og áður segir, enn eigi verið sett. Vér verðum því að líta svo á, að mjög litlar líkur séu til þess, að nýir samningar verði á komnir og gjaldskrá sett svo fljótlega, að samningarnir geti komið til framkvæmda um næstu áramót.

Með bréfi, dags. 19. september s. l., hefur félagsmálaráðuneytið óskað eftir því, að tryggingaráð tæki til athugunar, hvort það vilji nú þegar gera tillögur um minni háttar breytingu á almannatryggingalöggjöfinni.

Af tilefni bréfs þessa og með tilliti til þess, sem áður er sagt, hefur tryggingaráð undanfarið á nokkrum fundum rætt um breytingar á einstökum atriðum laganna, sérstaklega í sambandi við framkvæmd þeirra á næsta ári, þar á meðal einnig um frestun á framkvæmd III. kafla, um heilsugæzlu.

Á fundi tryggingaráðs hinn 25. þ. m. er fært til bókar það, sem hér fer á eftir:

„Forstjóri lagði fram frv. til laga um viðaukalög við almannatryggingalögin, og var fyrri grein þess í 11. töluliðum samþykkt í einu hljóði lið fyrir lið, svo og önnur grein. Enn fremur var samþykkt svo hljóðandi ályktun í einu hljóði:

Um leið og tryggingaráð fellst á frumvarpið í heild og mælir með því, að það verði samþykkt á Alþingi, vill það taka fram, að það telur rétt, að í sambandi við þá endurskoðun á almannatryggingalögunum, sem í frumvarpinu greinir, verði tekin til ræðilegrar athugunar niðurfelling á ákvæðum 85. gr. um fjórðungsgjald.

Helgi Jónasson tekur þó fram, að þó hann fylgi þessu frumvarpi, þá telji hann sig ekki skuldbundinn til þess að vera á móti öðrum tillögum til breytingar á lögum. Sigfús Sigurhjartarson gerir sama fyrirvara.“

Með tilvísun til framanritaðs leyfum vér oss hér með að óska þess, að þér, hæstvirtu herra félagsmálaráðherra, leggið fyrir Alþingi það, er nú situr, eða hlutizt til um, að lagt verði fyrir það meðfylgjandi frumvarp til laga um viðaukalög við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og beitið áhrifum yðar til þess, að það verði samþykkt svo fljótt sem unnt er.

Um einstakar greinar og töluliði frumvarpsins viljum vér taka þetta fram:

Um 1. gr. 1.

Hér er lagt til, að framkvæmd heilsugæzlu samkv. III. kafla laganna verði frestað um eitt ár og að sjúkrasamlögin haldi áfram störfum til ársloka 1948 samkvæmt gildandi lögum með þeirri breytingu einni, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða hækki úr 12 krónum upp í 18 krónur, grunngjaldið, á ári fyrir hvern meðlim. Framlög þessi mega þó aldrei vera hærri en sem nemur þriðjungí iðgjaldsins. Nær hækkunin því aðeins til þeirra samlaga, sem taka ca. 10 króna iðgjald á mánuði eða herra, og nægir sem þriðjungsgreiðsla, meðan iðgjöldin fara ekki fram úr 15 krónum á mánuði, hvort tveggja miðað við núverandi vísitölu, 326 stig.

Vegna hinnar miklu hækkunar, sem orðið hefur á sjúkrahúskostnaði samlaganna og fleiri útgjaldaliðum þeirra, taka nær öll kaupstaðasamlögin og nokkur fleiri nú þegar hærri iðgjöld en 10 krónur á mánuði. Ekkí verður með vissu sagt, hversu miklu hækkun þessi nemur fyrir ríkissjóð og sveitarsjóði, en ætla má, að hún nemi nálægt 800 þús. krónum á hvorn þessara aðila frá því, sem nú er. Gert er ráð fyrir, að ákvæði laganna um rétt sveitarfélaga til styrks úr ríkissjóði til þess að koma á fót lækninga- og heilsuverndarstöðvum og um skipun lækna við slíkar stöðvar taki gildi um áramót, svo að framkvæmdir í þeim efnum þurfi eigi að tefjast.

Um 1. gr. 2.

Í 85. gr. laganna er svo fyrir mælt, að Tryggingastofnunin skuli greiða fjórðungsgjaldið fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Hér er lagt til, að Tryggingastofnunin greiði iðgjöld til sjúkrasamlaga fyrir þessa aðila, ef tekjur hlutaðeiganda eru ekki hærri en svo, að hann eigi rétt til óskerts lífeyris. Missa þá þessir aðilar einskis við frestunina. Þess má geta, að ýmis sveitarfélög munu hafa greitt sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir gamalmenni og öryrkja, og léttr því nokkuð á þeim, ef þessi liður verður samþykktur. Ætla má, að kostnaður Tryggingastofnunarinnar samkvæmt þessum lið verði um eina milljón króna á árinu.

Um 1. gr. 3.

Samkvæmt 94. gr. ber Tryggingastofnuninni að leggja fram árlega 100 þús. krónur auk verðlagsuppbótar til sérstakra læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóða, sem stofna skal samkv. lögnum.

Með tilliti til þess, hversu miklir erfiðleikar og kostnaður er því samfara í dreifbýlinu að vitja læknis og flytja sjúklinga á sjúkrahús, þykir ekki fært að fresta framkvæmdum í þessu efni. Er hér lagt til, að styrk þessum verði skipt milli læknisvitjanasjóða þeirra, er nú hafa verið eða stofnaðir verða samkv. eldri lögum.

Um 1. gr. 4.

Hér er lagt til, að sami munur verði gerður á iðgjöldum atvinnurekenda á I. og II. verðlagssvæði og nú er gerður á persónuiðgjöldum samkvæmt 107. gr., þ. e. að þessi iðgjöld verði einnig 25% lægri á II. verðlagssvæði en á I. Lífeyrisgreiðslur eru samkv. lögnum einnig fjórðungi lægri á II. verðlagssvæði, og sama er um ýmsar aðrar tegundir bóta. Þykir því rétt að koma nú þegar á samræmi í þessu efni. Til hægðarauka er gert ráð fyrir, að sá hluti iðgjaldsins fyrir 1947, sem endurgreiða ber samkv. tölulið þessum, verði greiddur í sambandi við innheimtu iðgjaldanna á næsta ári.

Um 1. gr. 5.

Með viðaukalögum nr. 89 frá 1946 var ákveðið, að iðgjöld þau, sem hér um ræðir, svo og framlög sveitarfélaganna skyldu innheimt á yfirstandandi ári með visitöluálagi, er svaraði til 300 stiga visitölu. Var þetta gert til þess, að hægt yrði að ákveða iðgjöldin svo snemma, að innheimta gæti hafizt þegar um áramót. Enn er sama nauðsyn á að hraða ákvörðun iðgjalda fyrir næsta ár, svo að innheimtan tefjist eigi. Er hér lagt til, að miðað verði við 315 stiga visitölu, og er þá miðað við það, sem ætla má, að meðalvísitalan fyrir árið 1947 verði. Þá er og lagt til, að heildarframlag sveitarfélaganna verði lækkað um 900 þús. króna grunnupphæð, vegna þess að heilsugæzlan kemur eigi til framkvæmda á árinu, og ákveðið hið sama og á yfirstandandi ári, að viðbættri visitöluhækkun.

Um 1. gr. 6.

Hér er lagt til samkv. tilmælum innheimtumanna, að skrár þær um heimilisfasta menn á aldrinum 16—67 ára, sem sveitarstjórnnum ber að semja, verði tilbúnar 1. febrúar í stað 1. marz, í Reykjavík þó 1. apríl í stað 1. maí.

Telja innheimtumenn þessa breytingu til mikils hægðarauka og léttis við iðgjaldaálagningu og fyrir fram innheimtu. Þá er og lagt til, að eigi þurfi að afhenda ný tryggingaskirteini strax í ársbyrjun 1948, heldur megi fresta afhendingunni fram eftir árinu.

Meðan ekki er séð, hvort heilsugæzla kemur til framkvæmda samkvæmt lögnum eða henni verður frestað, þykir ekki tiltækilegt að prenta ný skirteini, enda nú svo áliðið, að varla verður hægt að ljúka prentun skirteina og færa inn á þau nöfn skirteinishafa og iðgjöld fyrir janúarlok n. k. Hins vegar hafa innheimtumenn talið framkvæmanlegt að nota áfram skirteini ársins 1947.

Um 1. gr. 7.—9.

Ákvæði þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 1. gr. 10.

Í alþýðutryggingalögnum frá 1943 voru ákvæði um lögveð í skipum fyrir iðgjöldum atvinnurekenda til slysatryggingarinnar vegna sjómanna. Af vangá féllu þessi ákvæði niður, þegar lögín um almannatryggingar voru afgreidd, en innheimtumenn telja óhjákvæmilegt að hafa slík ákvæði í lögnum, a. m. k. til tryggingar iðgjöldum atvinnurekenda vegna sjómanna og bifreiðarstjóra, vegna hinna tíðu eigendaskipta á bifreiðum og skipum.

Er hér lagt til, að tekin verði slík lögveðsákvæði í lögum og þau einnig látin ná til iðgjalda vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja.

Um 1. gr. 11.

Samkv. 7. bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaganna ber að ljúka endurskoðun á ákvæðum laganna um bótaupphæðir og verðlagssvæði eigi síðar en fyrir árslok 1950, enda hafi áður farið fram rannsókn á raunverulegum framfærslukostnaði á hæfilega mörgum stöðum á landinu. Með tilliti til þeirra óska og ábendinga, sem fram hafa komið um breytingar á ýmsum ákvæðum laganna, þykir rétt að hefja endurskoðunina svo fljótt sem nokkur kostur er á með tilliti til þess, að nægileg reynsla sé fengin af framkvæmd þeirra, og að endurskoðunin verði eigi bundin við þau ákvæði ein, sem að framan getur. Síðari hluta næsta árs liggja væntanlega fyrir skýrslur og reikningar fyrir árið 1947, og þá ætti einnig að vera hægt að fá sæmilegt yfirlit yfir a. m. k. fyrra missiri ársins 1948.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um fjárhagshlið frumvarpsins, að því er ríkissjóð varðar, skal þetta tekið fram: Verði frumvarpið samþykkt, lækkar framlag ríkissjóðs, vegna frestunar heilsugæzlu, til tryggingasjóðs samkv. 116. gr. um ca. 5.2 millj. króna, eða niður í ca. 18.1 milljón, og áætlað aukaframlag og greiðslur til aukalækna, sbr. bréf vort, dags. 6. okt., geta þá fallið niður. Hins vegar þarf þá að taka upp framlag til sjúkrasamlaga, sem vér áætluðum ca. 3.4 millj. króna, og vegna iðgjaldagreiðslna fyrir gamalmenni og öryrkja, sbr. 2. tölulið, og vegna læknisvitjanasjóða ca. 1.2 milljón. Jafnframt er þess að gæta, að um kostnað vegna berklasjúklinga o. fl. fer þá á næsta ári eftir lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Að lokum leyfum vér oss að benda á, að nauðsynlegt er, að frumvarpið fái afgreiðslu hið fyrsta vegna áramótaframlækna og eigi síðar en fyrir miðjan desember n. k.

Tryggingastofnun ríkisins.

Til hr. félagsmálaráðherra Stefáns Jóh. Stefánssonar, Reykjavík.